

Samþykktir 35. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
17. – 18. október 2019

<i>Strandveiðar</i>	3
<i>Grásleppuveiðar</i>	3
<i>Makrílveiðar</i>	4
<i>Handfæri og handfæraívilnun</i>	5
<i>Línuívilnun</i>	5
<i>Leiga veiðiheimilda</i>	5
<i>Flutningur veiðiheimilda milli kerfa</i>	6
<i>VS afli</i>	6
<i>Dragnótaveiðar</i>	6
<i>Hvítlúða</i>	6
<i>Byggðakvóti</i>	6
<i>Sérstakt veiðileyfagjald strandveiða</i>	7
<i>Hrygningarstopp</i>	7
<i>Veiðiskylda</i>	7
<i>Umhverfisáhrif veiðarfæra</i>	7
<i>Reglugerðarhólf</i>	7
<i>Lokun veiðisvæða</i>	8
<i>Humarveiðar og markaðssetningu grjótkrabba</i>	9
<i>Umgengni um auðlindina</i>	9
<i>Rannsóknir</i>	9
<i>Eftirlit</i>	10
<i>Öryggi sjómanna</i>	10
<i>Markaðir</i>	11
<i>Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar</i>	11
<i>Þjónusta</i>	11
<i>Hvalveiðar</i>	11
<i>Aflagjald</i>	11
<i>Stuðningsyfirlýsing við Grímsey</i>	12

Strandveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. apríl til 30. september. Hámarksafli á dag verði óbreyttur. Heimilt verði að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda lýsir stuðningi við núverandi svæðaskiptingu og hafnar hugmyndum um opnun milli svæða á strandveiðum á meðan ekki eru tryggðir 48 dagar til strandveiða, öllum til handa.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að heimilt verði að flytja óveiddan strandveiðiafla milli ára eins og gildir um aðrar úthlutanir.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda hvetur atvinnuveganefnd Alþingis til að láta gera könnun meðal strandveiðimanna um hvernig menn meti árangur af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á kerfinu og hvaða breytingar þeir vilji helst sjá að unnið verði með til að bæta strandveiðikerfið.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda er mótfallinn kvótasetningu á grásleppu.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að lengja veiðitíma grásleppu í Faxaflóa til 15. ágúst.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að upphafstími grásleppuveiða á svæði D og E verði 1. mars.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða: Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að ef til kvótasetningu á grásleppu kemur, verði þess gætt að ekki sé hróflað við stærðarhámörkum grásleppuveiðibáta. Mikilvægt er að gæta þess vel að stórútgærðin hrifsi ekki til sín grásleppuveiðarnar.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að ef til kvótasetningu á grásleppu kemur, verði þess gætt að veiðiskylda sé 0%. Veiðiskylda á grásleppu myndi gefa kaupendum grásleppu óeðlilega mikil völd til verðstýringar og stilla fjölda grásleppuveiðimanna upp við vegg.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda telur mjög mikilvægt að standa fast í lappirnar varðandi tilburði Hafró til svæðalokana grásleppuveiðisvæða í Breiðafirði sem byggja á útreikningum sem standast enga skoðun. Víðtækar lokanir hefðu hræðilegar afleiðingar fyrir samfélagið við innanverðan Breiðafjörð.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að ef til kvótasetningar á grásleppu kemur, verði þess gætt að takmarkanir á fjölda neta og stærð báta, svæðaskipting og veiðitímabil verði óbreytt.

Makrílveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að við makrílveiðar færabáta verði viðbótarheimildum úthlutað samhliða veiðum. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótarflaheimild fyrr en það hefur veitt 80% af úthlutuðu aflamarki, enda gildi sú takmörkun ekki hjá bátum sem hafa úthlutað aflamark minna en 27 lestir.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir þeim seinagangi sem á sér stað við úthlutun á 4.000 tonna potti í makríl. Það getur tekið upp í 7 daga að fá úthlutun úr pottinum. Þar sem makrílvertíðin er stutt og þolir enga bið er þetta ekki ásættanlegt fyrirkomulag.

Handfæri og handfæraávilnun

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að handfæraveiðar verði frjálssar.

Línuávilnun

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir harðlega skerðingu á viðmiðunarafla til línuávilnunar.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuávilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að línuávilnun í ýsu verði 45% fyrir landbeitningu, 30% við uppstokkun og 15% fyrir vélabáta.

Leiga veiðiheimilda

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að kvótalitlum og kvótalausum útgerðum verði heimilt að leigja krókaafلامark og geyma á milli ára með ríkri eða algjerri veiðiskyldu þó.

Flutningur veiðiheimilda milli kerfa

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir öllum flutningi aflaheimilda úr krókaafلامarsskerfinu upp í aflamarkskerfið.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda hafnar sameiningu aflamarks og krókaafلامarss.

VS afli

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að tímabil VS afla verði kvótaárið.

Dragnótaveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á stjórnvöld að virða ítrekaðar óskir sveitarstjórnar Skagafjarðar, Landssambands smábátæigenda og Drangeyjar um að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir fyrirhugðum áformum stjórnvalda um rýmkun á reglum um veiðar með dragnót í landhelgi Íslands.

Hvítlúða

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að löndun á hvítlúðu sem meðafli við krókaveiðar verði leyfð, enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Byggðakvóti

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.

Sérstakt veiðileyfagjald strandveiða

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.

Greinargerð

Þetta sérstaka gjald hefur verið lagt á frá upphafi strandveiða. Spurningar vöknudu strax og efasemdir um rættmæti slíkrar gjaldtöku umfram aðrar veiðar.

Því er það orðið löngu tímabært að t.d. stjórn Landssambands smábátæigenda krefjist þess af stjórnvöldum að tekin verði saman nákvæm greinargerð um það hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað, en ætla má að búið sé að greiða hátt í 300 milljónir í þessa sérstöku gjaldtöku.

Hrygningarstopp

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda leggur til að hrygningarstopp sem hefst 1. apríl ljúki 11. apríl.

Veiðiskylda

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum, óhöppum og vélarbilunum.

Umhverfisáhrif veiðarfæra

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn og lífríki sjávar.

Reglugerðarhólf

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna

æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá. Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landsamband smábátæigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.

Aðalfundur Landsambands smábátæigenda krefst þess að reglugerðarhólf fyrir línu og handfæraveiðar skuli opnuð tafarlaust og að sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð við heimamenn um lokanir.

Lokun veiðisvæða

Aðalfundur Landsambands smábátæigenda mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.

Aðalfundur Landsambands smábátæigenda telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar.

Aðalfundur Landsambands smábátæigenda leggur til að sæbjúgnaveiðar verði bannaðar innan 4ra mílna á svæði sem afmarkast af línu sem liggur í norður frá Garðskaga og þaðan í vestur að línu sem liggur vestur frá Stafnesvita.

Greinargerð

Sæbjúgnabátar beita tveimur plógum, gríðarlegur þungi sem veldur mikilli röskun á lífríkinu. Öll fyrirstaða mulin niður. Því hefur verið haldið fram að sæbjúgað sé afar mikilvægt í fæðukeðjunni.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda leggur til að óheimilt verði að stunda togveiðar innan línu vestur úr Sandgerði suður og austur að Grindavík á tímabili frá 15. október til 5. maí. sbr. reglugerð um línu og netaveiðar.

Humarveiðar og markaðssetningu grjótkrabba

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrum í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar. Humarveiðar í gildrum lágmarka áhrif á lífríki hafsins og auka nýtingu auðlindarinnar til muna.

Greinargerð

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátæigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu.

Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba, sem í framtíðinni yrðu sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

Umgengni um auðlindina

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda hvetur útgerðarmenn smábáta að kalla til starfsmann Fiskistofu þegar um ónýtan afla er að ræða.

Rannsóknir

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að sækja um styrk hjá AVS til rannsókna á áhrifum handfæraveiða á hegðun hrygningarfisks.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að sækja um styrk hjá AVS til að rannsaka hversu mikill hluti smáfisks drepst við sleppingar af handfærum.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að áhrif veiða á sæbjúgum á botndýr og botn verði rannsökuð hið fyrsta, telur fundurinn að áhrif veiðanna séu töluverð. Bent er á að þyngd sæbjúgnaplógs er að jafnaði eitt til tvö og hálf tonn.

Eftirlit

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit utan hafna.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda vill að við strandveiðar sé nægjanlegt að sjálfvirkur eftirlitsbúnaður sé virkur þegar farið er frá landi og þegar komið er í land, eins og er við aðrar veiðar.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda leggur til að drónaeftilit með smábátum verði óheimilt nema með dómsúrskurði þar sem fyrir liggur rökstuddur grunur um alvarlegt brot.

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda hvetur til þess að framleiddir verði límmiðar fyrir aðildarbáta LS sem banna myndatökur án samþykkis skipstjóra. Límmiðarnir skulu staðsettir á áberandi stað þar sem þeir sjást úr loft.

Öryggi sjómanna

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á Samgöngustofu að setja þau skilyrði fyrir fullgildu haffæri að skip sé rétt skráð inn í AIS.

Markaðir

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda bendir á þá staðreynd að fyrir daga kvótakerfisins voru hástemmdar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar um 450-500 þúsund tonna afla í þorski, yrði tillögum hennar hlýtt. Nú, 35 árum síðar hefur margsinnis sýnt sig að tilraunastarfsemi Hafró hefur mistekist með öllu. Því er skorað á stjórnvöld að þau beiti sér fyrir því að vinnubrögð og stefna stofnunarinnar sé tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Þjónusta

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda styður ítrekaðar samþykktir Drangeyjar um tafarlausar úrbætur á hafnarmannvirkjum á Hofsósi. Vegna fjölgunar báta er nauðsynlegt að bæta við leguplássum í höfninni, fjölga rafmagnstenglum, útbúa aðstöðu fyrir móttöku á úrgangsolíu og síum svo og rafgeymum og að klæða bryggjuna betur. Þá er mikilvægt að höfnin uppfylli reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum, t.d. hvað varðar stiga við löndunarkrana og frágang á bryggjukanti.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda fagnar tilkomu fiskmarkaða á Sauðárkróki og þeirri bættu þjónustu við smábátaútgerð á staðnum sem því hefur fylgt.

Hvalveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda styður og hvetur til hvalveiða.

Aflagjald

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að álagning aflagjalda miðist við verðlagsstofuverð hjá öllum útgerðarflokkum.

Stuðningsyfirlýsing við Grímsey

Aðalfundur LS 2019 harmar þá þróun sem er að eiga sér stað í Grímsey. Þessi útvörður Íslandsbyggðar á betra skilið en nú blasir við að óbreyttu. Í gegnum tíðina hefur smábátaútgerð eyjaskeggja verið eitt helsta stolt Landssambands smábátæigenda. Hún hefur sýnt hversu lífsnauðsynleg sú útgerð er hinum smáu sjávarbyggðum. Grímsey byggðist upp vegna gjöfilla fiskimiða allt um kring og vandséð að annað geti komið í staðinn.

Fundurinn skorar á stjórnvöld að grípa þegar til sértækra ráðstafana, sem samræmast 1. grein fiskveiðilaganna um “trausta atvinnu og byggð í landinu”.